

RÁÐGJAFASAMNINGUR

Mynd

VERKHEITI: Varmadælur í hús í NN sveit

VERKLIÐUR: Hönnun, umsjón og eftirlit

RÁÐGJAFI: Hagvarmi ehf

STIG VERKEFNIS: Undirbúningur og framkvæmd

DAGSETNING: XX-XX-XXXX

ÚTGÁFUNÚMER: 1

1. Lýsing verkefnis

1.1 Almenn lýsing

- 1.2 Verkkaupi hefur óskað eftir að Hagvarmi ehf. (hér eftir nefnt Ráðgjafi) veiti ráðgjöf ásamt umsjón og eftirliti við uppsetningu varmadælukerfa fyrir hús í NN sveit.

Verkefnið:

Meta hagkvæmi þess að setja upp varmadælukerfi til hitunnar á rafkyntu húsnæði í NN sveit. Velja hagkvæmasta varmadælukerfi (vatn-vatn, loft-vatn eða loft-loft) fyrir sérhvern stað og veita ráðgjöf varðandi mögulegar endurbætur á hitakerfi húsnæðis til að hámarka orkunýtingu. Leita hagkvæmustu innkaupa á búnaði og verktöku. Annast verkefnisstjórnun og úttektir ásamt aðstoð við gangsetningu á kerfinu í verklok, ásamt eftirfylgni á virkni kerfis fyrsta rekstrarárið samkvæmt nánara samkomulagi.

1.3 Forsendur verkefnisins

- Gögn sem aflað hefur verið frá rekstri varmadælukerfa á Tjörnesi, í Skútustaðahreppi, Hörgársveit og Hvalfjarðarsveit verða nýtt.
- Forsendur fyrir vali á aflgetu varmadælu og væntan sparnað. Tekið verður mið af upplýsingum frá RARIK um raforkunotkun viðkomandi húsnæðis undanfarin 5 ár ásamt sögulegum gögnum Veðurstofu Íslands varðandi hitastig á viðmiðunarveðurstöð.
- Mat á áætlaðri orkunotkun tekur jafnframt mið af upplýsingum ábúenda um viðkomandi húsnæði.

1.4 Umfang verkefnisins

Umfang verkefnis Ráðgjafa er eftirfarandi:

1. Skoða reglur um mögulega styrki og ívilnanir til varmadæluverkefna og ráðleggja hagkvæmustu leiðir varðandi nýtingu styrks.
2. Velja varmadælukerfi fyrir hvern stað í samráði við eiganda/ábúanda og veita ráð um æskilega staðsetningu varmadælu og endurbætur á hitakerfi húsa.
3. Leita hagkvæmustu innkaupa fyrir efni og vinnu til verksins með verðfyrirspurn eða útboðum miðað við skilgreindar kröfur. Gerð markgildissamninga við verktaka og umsjón með innkaupum og eftirfylgni þeirra.
4. Teikna upp endanlega tillögu að legu safnlagna í samráði við þátttakanda m.t.t. staðhátta og legu annara lagna. Skila inn endanlegri teikningu með GPS hnitum til verkkaupa í lok verks.
5. Útbúa verklýsingu og leiðbeiningar vegna niðurgrafinna safnlagna og tengingu varmadælu til jarðvinnuverktaka og annara verktaka sem að verkinu koma.
6. Samræma verkframkvæmd og annast verkefnastjórnun í samráði við Verkefnisstjóra Verkkaupa.
7. Annast eftirfylgni framkvæmdar og úttekt á einstaka verkþáttum í samráði við Verkkaupa.
8. Umsjón með gangsetningu og staðfestingu á virkni með eftirfylgni í 12 mánuði.

9. Aðstoða ábúendur við gerð styrkumsóknar til Orkusjóðs vegna varmadæluoka.

1.5 Aðkoma verkkaupa að verkefni

Verkefnisstjóri Ráðgjafa stýrir verkinu, en auk þess mun Verkefnisstjóri verkkaupa útvega og annast:

1. Aflar staðbundinna leyfa til framkvæmda.
2. Skila gögnum um legu safnlagna til þar til bærra aðila.
3. Eftirlit með vinnu verktaka og samræmingu verkþátta á verkstað í samvinnu við ábúendur og Ráðgjafa.

Undanskilið í verkefni

Undanskilið í verkefninu:

- Breytingar á hitakerfum húsa og rýmis sem mun hýsa varmadælu, að frátalinni ráðgjöf.
- Ábyrgð á virkni og endingu kerfisins umfram það sem snýr að verkþáttum Ráðgjafa sem lýst er í kafla 1.4 hér að framan.

2. Til afhendingar

2.1 Skilagögn

- | | |
|---|---|
| ☒ Handbók | ☒ Útboðsgögn |
| ☒ Hönnunarforsendur | ☒ Verklýsing |
| ☒ Kostnaðaráætlun | ☒ Verkskilafundur |
| | ☒ Virknilysing kerfis |

3. Verkefnisteymi

3.1 Verkkaupi (teymi)

Eigandi verkefnis:	XX sveit, í umboði íbúa
Verkefnisstjóri	NN

3.2 Ráðgjafi (teymi)

Verkefnastjóri:	Gestur Bárðarson
	Haukur Garðarsson

	Bjarni Már Júlíusson
--	----------------------

4. Áætlun

4.1 Helstu dagsetningar verkefnis

Gangsetning verks:		Afhending afurða:	
Upphafsfundur:		Verklök:	
Gildistími verktillögu:	15.02.2024		

4.2 Vörður

Nr:	Varða:	Dagsetning:	Ábyrgur:
1	Samningur um Ráðgjöf		GB
2	Vettvangsferðir		GB/BMJ/HG
3	Gróf kostnaðaráætlun		GB/BMJ/HG
4	Ítarleg kostnaðaráætlun og margildissamningar við verktaka		GB/BMJ/HG
5	Framkvæmd verkefnis		GB/BMJ/HG
6	Verklök		GB/BMJ/HG

5. Þóknun

Þóknun til Ráðgjafa:

Grunnþóknun óháð fjölda þátttakanda:

1.800.000 kr. án VSK

Viðbótarþóknun fyrir hvert varmadælukerfi:

125.000 kr. án VSK

Greiðslufyrirkomulag:

30% við undirritun samnings og síðan skulu greiðslur vera til samræmis við framvindu verks og loka greiðsla eigi síðar en **xxxxxx.** (15 dögum eftir verklök).

15. Samþykki

NN sveit, _____

F.h. verkkaupa: XX

F.h. *Hagvarma ehf*

NN

Gestur Bárðarson